

Djúpavogshreppur  
Bakka 1  
765 Djúpivogur

Reykjavík 13. desember 2018  
UST201811-177/A.B.  
10.04.03

**Efni:** Lýsing – Aðalskipulagsbreyting og deiliskipulagstillaga fyrir Fossárvík í Djúpavogshreppi.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Djúpsvogshrepps er barst 14. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og að deiliskipulagi fyrir áningastað ferðamanna í Fossárvík í Djúpavogshreppi.

Í lýsingu kemur fram að aðalskipulagsbreytingin gengur út á að skilgreint verður svæði undir verslunar- og þjónustusvæði þar sem nú er landbúnaðarland.

Í lýsingu deiliskipulags kemur fram að deiliskipulagssvæðið er staðsett innarlega í Berufirði við Fossárvík, er 22,1 hektari að stærð og tekur til nær svæðis Fossár frá Nykurhyl upp að Miðásgljúfri.

Í lýsingunni kemur fram að staðsettur verður byggingareitur á svæðinu fyrir allt að 80 m<sup>2</sup> þjónustuskála með salernum, söluaðstöðu og aðstöðu til sorpflokkunar. Tillagan gerir ráð fyrir 30-40 bílastæðum við þjónustuskálann og 12-16 stæði verða við útsýnisstað yfir Nykurhylsfoss. Auk þess kemur fram í lýsingu að lögð verður hringleið fyrir gangandi og göngubrú verður endurgerð.

### Forsendur

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist í sveitarfélagini undanfarin ár og því mikilvægt að bygga upp innviði og þjónustu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver áætlaður fjöldi ferðamanna er sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar, stærð áningastaða, og umfang göngustíga.

## Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Það er mat Umhverfisstofnunar að það sé mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig fráveitumál verða leyst á svæðinu, þar sem að jarðvegur er rýr á þeim stað sem salerni og fráveitumannvirki eru staðsett á uppdrætti.

## Göngustígar

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að stikaðar verði gönguleiðir til að stýra för ferðamanna um skipulagssvæðið, að allt rask verði lágmarkað og að útsýnissvæði verða girt af með það að markmiði að tryggja öryggi gesta.


## Byggingar falla vel að umhverfi

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um að öll mannvirki falli vel að umhverfinu. Einnig bendir stofnunin á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í Landskipulagstefnu en þar segi: „*Skipulag landnotkunar stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru og menningar og sögu sem felst m.a. í byggingarárfi og landslagi.*“



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur